

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

4. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur kr. 10.000 í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Arnarneshrepps, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o. fl. og staðfestist hér með af ráðherra til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 2003.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 8. desember 2003 staðfest aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Grundarfjarðar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Grundarfjarðar 1984-2004.

Umhverfisráðuneytinu, 8. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.